

99

26. júní

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

6. gr.

Tillag rikissjóðs samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskyldu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk hreppsins samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsþúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsþúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænzt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann telst þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið, án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir hreppsþúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi ver settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsþúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 26. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

100

REIKNINGUR

styrktarsjóðs læknishjónanna frú Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi, árið 1943.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 589	kr. 3827.83	
b. Hjá gjaldkera	— 12.34	
		kr. 3840.17
2. Gjafir og áheit á árinu	—	350.00
3. Vextir árið 1942, innfærðir á árinu	—	142.97
4. Gjöf stofnanda í árslok	—	200.00
		<hr/> Kr. 4533.14

Gjöld:

100

1. Styrkur veittur Guðjóni Guðmundssyni, Suðurg. 116 á Akranesi ..	kr. 200.00
2. Sjóður í árslok:	
Inneign í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 589	— 4333.14
	<hr/>
	Kr. 4533.14

Akranesi, 17. janúar 1944.

Ólafur Finsen. Þorsteinn Briem. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir.

REIKNINGUR

101

sjóðsins Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta 1943.

Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun	kr. 7891.30
2. Tekjur á árinu:	
a. Vextir af bankavaxtabréfum	kr. 266.50
b. — — sparisjóði	— 50.67
	<hr/>
	— 317.17
	<hr/>
	Kr. 8208.47

Gjöld:

1. Útgjöld á árinu:	
a. Styrkir	kr. 235.00
b. Leiga bankahólfis	— 7.50
	<hr/>
	kr. 242.50
2. Eignir í árslok:	
a. Bankavaxtabréf	kr. 5400.00
b. Innstæða í sparisjóði	— 2565.97
	<hr/>
	— 7965.97
	<hr/>
	Kr. 8208.47

Ísafirði, 2. febrúar 1944.

Jón Guðjónsson.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

102

Jafnaðarreikningur 31. des. 1943.

Eignir:

1. Útlán	kr. 5810075.08
2. Styrktarlán	— 575000.00
3. Bankainnstæða	— 2118081.13
	<hr/>
	Kr. 8503156.21

Skuldir:

1. Stofnsjóður	kr. 6624192.46
2. Varasjóður	— 434138.40
	<hr/>
	Flyt kr. 7058330.86